



## Stjórn SSH 351. fundur

**Mánudaginn 5. júlí** 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Lúðvík Geirsson, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir  
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Ennfremur mættu á fundinn Gissur Pétursson forstöðumaður Vinnumálastofnunar vegna 1. máls. Inga Rún Ólafsdóttir frá Samband íslenskra Sveitarfélaga v. 2. máls og Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga v. 1. – 4. máls.

Formaður bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Síðan var gengið til dagskrár.

Þetta gerðist:

### 1. Atvinnuátaksverkefni námsmanna

Fyrir lá fundargerð fundar vegna atvinnuátaksverkefnis námsmanna sem haldinn var 19. júní sl. sbr. 5. mál fundargerðar 350. fundar stjórnar SSH.

Gissur Pétursson gerði grein fyrir reglum um úthlutun og úrvinnslu umsókna um fjármagn v. sumarvinnu námsmanna nú í sumar. Ljóst er að kostnaður sveitarfélaganna vegna sumarvinnu námsmanna 17 ára og eldri er mun meiri en reiknað var með, og breyttar úthlutunarreglur, stærri árgangar og aukin ásókn í þessi störf hafa þar áhrif á.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn óskar eftir ítarlegri samantekt um umfang og fjárhagsleg áhrif fyrir næsta stjórnarfund. Framkvæmdastjóra falið að vinna að slíkri samantekt í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

### 2. Kjarasamningar slökkviliðsmanna

Inga Rún Ólafsdóttir forstöðumaður kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir stöðu í kjaraviðræðum við Landssamband slökkviliðsmanna.

### 3. Málefni tónlistarskóla.

Fyrir lá erindi frá bæjarstjóranum í Kópavogi v. bókunar bæjarráðs 23. júní 2010 þar sem fjallað er um reglur um greiðslur v. náms í tónlistarskólum.



Karl Björnsson gerði grein fyrir stöðu samningaviðræðna milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipulag tónlistarfræðslu, og verka- og kostnaðarskiptingu aðila í því sambandi.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn SSH beinir því til menntamálráðherra að fundin verði ásættanleg niðurstaða í þessu máli sem fyrst, og helst fyrir 15. ágúst nk. Stjórnin bendir á þann möguleika að innleiða slíka niðurstöðu í áföngum á næstu 2 – 3 árum.

**4. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða – samningur milli ríkis og sveitarfélaga**

Karl Björnsson kynnti niðurstöðu samnings milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag, framkvæmd og fjárhagslega þætti vegna yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, sem taka mun gildi um nk. áramót.

**5. Greiðslur vegna „utanssveitarnemanda“ á grunnskólastigi.**

Fyrir lá erindi frá skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna umfjöllunar um tillögu stjórnar SSH frá 3. maí 2010.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn SSH áréttar fyrri tillögu sína í máli og telur eðlilegt að málið verði afgreitt á vettvangi skólamálanefndarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga

**6. Önnur mál.**

**Undirbúningur að stefnumótun um framtíð höfuðborgarsvæðisins.**

Dagur B. Eggertsson vakti máls á þörf fyrir heildarskoðun á samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og mótun framtíðarsýnar í þeim efnum.

Eftirfarandi var samþykkt:

*„Stjórn SSH samþykkir að efnt verði til sameiginlegrar stefnumótunar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarsýn í sameiginlegum viðfangsefnum og samvinnu sveitarfélaganna.*

*Við mótun verkefnisins verði m.a. horft til þeirrar vinnu sem fram fór á liðnu ári v. stefnumótun fyrir SSH*

*Framkvæmdastjóri vinni tillögu að fyrirkomulagi, verk- og fjárhagsáætlun og leggi fyrir stjórn í sumarlok“*

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10